



# SBAR

Nákvæm




Miðlun





Upplýsinga



Aukið öryggi sjúklinga





# Markmið með notkun SBAR

- Bæta öryggi sjúklinga og starfsmanna
- Draga úr óæskilegum atvikum
- Tryggja að tímabærar og nákvæmar upplýsingar um ástand sjúklings komist til skila
- Gera samskipti milli fagmanna markvissari og ánægjulegri

# Nákvæm og snögg upplýsingagjöf



**S** - Staðan

**B** - Bakgrunnur

**A** - Athuganir

**R** - Ráðleggingar og samráð

*Gagnreynd þekking - Stöðluð upplýsingagjöf*

# Hverjir nota SBAR?

Allir heilbrigðis-  
starfsmenn sem annast  
sjúklinga og eiga  
samskipti um ástand  
þeirra, líðan og meðferð  
skulu nota SBAR

**SBAR er hægt að  
nota við**

- Munnleg samskipti
- Skrifleg samskipti

# Hvers vegna SBAR?

## Samskipti bresta!

- Allt að 90% alvarlegra atvika á sjúkrastofnunum má rekja til hnökra í samskiptum (Haig, Sutton, Whittington 2006, The Joint Commission 2007).
- **Rótargreiningar** á alvarlegum atvikum á Landspítala síðustu ár benda til að **skortur á skilvirkum samskiptum í flóknum aðstæðum** og **samvinnu** eigi þátt í alvarlegum atvikum.

# Hvers vegna samskiptabrestir?

- Samskipti eru ekki stöðluð og skipulögð
- Venjur, gildi og menning stétta er mismunandi
- **Hlustun er ábótavant**
- Skortur á samræmdri vinnureglu fyrir allar stéttir
- Mismunandi samtalstækni
  - ✓ Hnitmiðaðar og hlutlægar frásagnir
- vs**
- ✓ Lýsandi og huglægar frásagnir
- Stéttaskipting og „hírarkí“

# Rannsóknir sýna

- Notkun **SBAR** fækkar atvikum og stuðlar að betri samskiptum
- Gæði upplýsinga aukast
- Aukið öryggi við að gefa upplýsingar
- Aukin ánægja með upplýsingagjöf

*(Persson & Triumph, 2012)*




# Notum SBAR

- Við bráða versnun/breytingu á ástandi sjúklings
- Við yfirfærslu klínískrar ábyrgðar þ.e. sjúklingur flyst á milli fagaðila/vakta eða deilda
- Þegar gefa þarf upplýsingar um sjúkling



# Notkun **SBAR** sparar tíma

**SBAR** eykur líkur á að mikilvægar upplýsingar um sjúklinga komist til skila á skjótan og markvissan hátt




# Taka þarf miðlun upplýsinga alvarlega

- Undirbúum okkur
- Notum hlutlægar upplýsingar
- Hlustum af athygli
- Staðfestum samskipti
- Truflum ekki í miðri upplýsingagjöf
- Spyrjum eftir að búið er að fara í gegnum **SBAR**

# Staðan – 10 sek

Um hvað snýst málið?  
Hvers vegna er haft samband?

- **Koma sér beint að efninu**
- **Fanga athygli!**



# Staðan



Sæl, þetta er Anna, hjúkrunarfræðingur á A6.  
Ég hringi vegna Jens sem er á stofu 5.  
Hann er skyndilega móður – andar 28 x á  
mín. og mettun er 87%.

# Bakgrunnur – 20 sek

- Varpar **raunverulega** ljósi á vandamálið?
- Greindu frá staðreyndum sem skipta máli
- Settu vandamálið í samhengi
- Greindu og ákveddu fyrirfram hvað **þarf** að koma fram hér



# Bakgrunnur



„Jens er 82 ára, með þekktan COPD og DM II.


Hann er á fullri meðferð. Hann var lagður inn fyrir 3 dögum vegna lungnabólgu. Hann er á Augmentin 1 gr iv x 3 og skv. Rtg. í gær var lungnabólgan batnandi.

Hann hefur fengið töluverðan vökva iv, hann var lágur í blþ. við komu og því fékk hann 3l fyrsta sólahringinn og svo 100ml/klst síðan þá.

Blóðprufurnar hans síðan í morgun eru batnandi, hann er lækkandi í hvítum og CRP. “

# Athuganir – 20 sek

- Gerðu grein fyrir núverandi ástandi
- Hverjar eru helstu niðurstöður þinna athugana?
  - Mælingar
  - Heilðrænt ástand sjúklingsins
- **Hver er þín túlkun/ályktun?**





# Athuganir



„Nú er hann móður, ÖT er 28 og hann mettar 87% þrátt fyrir 2L O<sub>2</sub>.

Blóðþrýstingurinn hefur lækkað og mælist nú 101/55, púls er 108 og heyrast brakhjóð við hlustun.

Vökvaskráin sýnir vökvajafnvægi 700 ml í +.

Ég velti fyrir mér hvort hann sé að safna vökva í lungu.“

# Ráðleggingar og samráð - 10 sek

Spyrðu sjálfa/n þig:

**Hvað finnst mér  
nauðsynlegt til að tryggja  
öryggi sjúklingsins?**

Greindu frá þinni tillögu



# Ráðleggingar



„Ég held að Jens þurfi þvagræsilyf.

Getur þú komið og metið hann?

Er eitthvað sem þarf að gera fyrir hann þar til þú kemur?

Hvenær kemurðu?“

# STAÐFEST SAMSKIPTI

**A: Gefur upplýsingar/fyrirmæli**

**B: Móttekur og endurtekur**

**A: Staðfestir að  
upplýsingar/fyrirmæli séu  
rétt skilin/móttekin**

**EÐA**

**leiðréttir ef þarf**



# Frekari upplýsingar um SBAR myndbönd

Versnun á ástandi:

<https://vimeo.com/182538008>

Yfirfærsla klínískrar ábyrgðar:

<https://vimeo.com/182538011>

# Staðan



„Sæl! ég heiti Páll og er aðstoðarlæknir á lyflækningasviði. Ég er staddur á BMT og þarf að leita ráða hjá þér vegna 82 ára manns með lungnabólgu.“

# Bakgrunnur



„Jens er með þekktan COPD og DM II.

Hann er á fullri meðferð. Eina lyfið sem hann tekur er Glucophage 500mg x 2.

Hann er skýr og sjálfbjarga, en hann hefur verið að slappast síðustu daga og leitar á bráðamóttöku nú í kvöld vegna mæði.“

# Athuganir



„Við komu á Bráðamóttöku mettaði hann 85% og var með 38° hita, hann var hypotens við komu 100/50 en hefur hækkað við vökvagjöf í 105/60. Hann er einnig hækkaður í hvítum eða 14 þús. og CRP er 93.

Hann hefur fengið hér 2L af O<sub>2</sub> í nös og heldur þannig 95% mettun.

Hann fór í rtg. pulm og hann er með íferð í hæ. lunga.“



# Ráðlegging



„Ég tel að hann þurfi að leggjast inn.

Ég setti hann á Augmentin 1 gr x 3, hann þyrfti eflaust friðarpípur líka og e.t.v. stera.

Geturðu ráðlagt mér með meðferð í legunni?“

# Staðan – 10 sek

**Markmið:** Koma sér beint að efninu - um hvað snýst málið?

STAÐAN:

„Sæl, ég heiti Guðrún sjúkraliði á öldrunardeild- hann Jón á stofu 2 datt á leiðinni á salernið.“

# Bakgrunnur – 20 sek

- Greina og ákveða fyrirfram hvað **þarf** að koma fram hér!
- Hvað varpar **raunverulega** ljósi á vandamálið/myndina í púslinu?

## BAKGRUNNUR:

„Jón hefur legið hér í einn sólarhring, lagðist inn vegna gáttatífs og blæðingar frá endaparmi. Hann hefur sögu um blóðþrýstingsfall þegar hann stendur upp og verið að detta og er svimagjarn.“

# Athuganir – 20 sek

## ATHUGANIR:

- Kom að honum á gólfinu, þar sem hann er enn. Hann kvartar um verk í fæti, ekki aumur annars staðar við skoðun. Honum er verulega brugðið, skýr.
- Lífsmörk núna: Öndun 18/mín.,  
BP; 100/50,  
Púls: 96, reglulegur  
Súrefnismettun 95%  
Verkir 6 á VAS

# Ráðlegging – 10 sek

Spyrðu sjálfa/n þig:

**Hvað finnst mér að eigi að gera til að tryggja öryggi Jóns ?**

„Gætir þú komið sem FYRST og metið Jón með mér,  
Ég tel að við þurfum liðsauka við að hjálpa honum aftur upp í rúm  
og jafnvel þarf að gefa honum verkjalyf áður en við flytjum hann.

Hvenær kemur þú?

Eitthvað sem ég á að gera þar til þú kemur?“



*Samvinna skilar  
árangri - hjálpist að*

*Gangi ykkur vel!*